



Mjaðmabelti— Notendaleiðbeiningar




AÐ VELJA STÆRÐ: Mælið þvert yfir breiðasta hluta mjaðma þegar notandinn situr. Athugið aðra þætti s.s. vöxt, þyngdarbreytingar og fót.

| | A | B | C | D |
|-----------|--------|--------|--------|---------|
| XS | {25mm} | {44mm} | {15cm} | {117cm} |
| S | {38mm} | {57mm} | {18cm} | {127cm} |
| M | {38mm} | {64mm} | {23cm} | {142cm} |
| L | {50mm} | {76mm} | {28cm} | {152cm} |



| | |
|-----------|-------------|
| XS | {13cm–23cm} |
| S | {18cm–28cm} |
| M | {23cm–38cm} |
| L | {33cm–48cm} |

STAÐA BELTIS. Hvar beltið er fest á stólinn hefur bein áhrif á hvar og hvernig beltið vinnur. Almenn má fá hugmynd um hvar beltið á að festast með því að athuga hvar það togar. Ágæt aðferð er að fagaðilinn standi fyrir framan notandann og noti hendur sínar til að fá fram stöðu og stefnu mjaðmanna. Stefna beltis og festingar ættu að vera í sömu stefnu og hendur fagaðilans.



Ef fagaðilinn verður að **ÞRÝSTA** niður og aftur verður beltið að **TOGA** niður og aftur. Þessi aðferð virkar einnig vel þar sem um halla, snúning eða aðrar ósamhverfar stöður er að ræða.

TIL ATHUGUNAR:

- Með festinguna í 60° stöðu gagnvart setstöðu lendir beltið að framanverðu og undir ASIS sem minnkar líkurnar á því að notandi með posterior snúning í mjöðm renni undir beltið.
- Með því að staðsetja festinguna hærra á baki stóls getur það hjálpað notanda með anterior snúning í mjöðm. 30° horn á staðsetningu festingar togar efri hluta mjaðmagrindar aftur, en getur skapað vandamál fyrir notendur með neutral eða posterior snúning í mjöðm.
- Mjórrí bönd á fjögurra-punkta belti eru venjulega fest í sæti á milli 45° og 90° til að halda beltinu á réttum stað og varna því að beltið strekkist á kvið eða snúist.
- Stundum verður að leita málamíðlunar á staðsetningu festingar vegna annarra þátta s.s. sára, óstöðugra mjaðmaliða, kviðslanga o.fl.

STREKKING MJAÐMABELTIS.

Hafið beltið strekkt þegar mátað er og fundin er rétt staðsetning. Þúðar á bólstruðum mjaðmabeltum skulu snertast þegar búíð er að strekkja beltið. Mjaðmabelti án þúða á að hafa 10-15 sm. langan flipa strekki-bands frá læsingu. Athugið að kenna umsjónarfólki þessa tækni til að tryggja rétta stöðu beltis.

FESTINGAR Á STÓL

Flöt lykkuþfesting fylgir í pakka. Athugið vel ef hægt er að fest lykkuþfestinguna í hjólastólalastellið eða undir sæti. Athugið hvaða festimöguleika framleiðandi stóls hefur upp á að bjóða. Rétt festing og staðsetning eykur endingu og öryggi beltisins. Athugið vel að beltið og festingin hafi ekki áhrif á aðra hluta stólsins td. drifhjól eða bremsur.

Þræðing beltis í lykkuþ og læsing enda

Flat-Mount™ Hardware

